

Ed.

765. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. maí.)

1. gr.

Á eftir 7. lið 2. gr. laganna, komi nýr 8. liður, sem orðist svo:
8. Strandaumdæmi: Strandasýsla.

2. gr.

8. liður 2. gr. laganna verði 9. liður og orðist svo:
Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla.

3. gr.

Aftan við 20. lið 2. gr., sem verður 21. liður, bætist: Þó er bændum í Vestur-Eyjafjallahreppi vestan Seljalandsmúla heimilt að vitja dýralæknis í Hvolsumdæmi, kjósi þeir það heldur.

4. gr.

- Í stað 21. töluliðar komi tveir töluliðir, sem orðist svo:
- 22. Hvolsumdæmi: Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur, Hvolshreppur og Rangárvallahreppur, austan Eystri-Rangár.
 - 23. Helluumdæmi: Rangárvallahreppur vestan Eystri-Rangár, Djúpárhreppur, Ásahreppur, Holtahreppur og Landmannahreppur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1977. Fella skal meginmál þessara laga og meginmál laga nr. 38 24. maí 1972, laga nr. 43 7. maí 1974, laga nr. 34 23. maí 1975 og laga nr. 35 23. maí 1975 inn í lög nr. 31 5. maí 1970 og gefa þau út svo breytt.